

## REGLUGERÐ

### um skilyrði til afskráningar loftfara af loftfaraskrá.

#### 1. gr.

##### *Loftfar tekið af skrá.*

Loftfar skal tekið af skrá að uppfylltum skilyrðum 46. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, auk eftirfarandi skilyrða:

Skráður eigandi og/eða umráðandi loftfars hafi lagt fram staðfestingu á að gerð hafi verið skil á gjöldum samkvæmt 195. gr. og 197. gr. laganna vegna þess loftfars sem beiðni um afskráningu lýtur að, en gjöldin eru tryggð með lögveði á þann hátt er greinir í 6. mgr. 198. gr. laganna. Einnig er heimilt að taka loftfarið af skrá ef eigandi og/eða umráðandi loftfars leggur fram staðfestingu lögveðshafa um að samið hafi verið um uppgjör gjaldanna eða lögveðshafi staðfesti á annan hátt að fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir greiðslu þeirra.

#### 2. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 46. gr. og b-lið 1. mgr. 51. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, öðlast þegar gildi og tekur einnig til beiðna um afskráningu sem þegar eru til meðferðar.

*Innviðaráðuneytinu, 2. október 2025.*

**Eyjólfur Ármannsson.**

---

*Ingilín Kristmannsdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 2. október 2025